

---

# REGLUGERÐ KLÍ UM MEISTARAKEPPNI UNGMENNA

---

## 1. grein

Meistarakeppni ungmenna skal haldin í pílta- og stúlknaflokkum.

## 2. grein

Keppt skal í fjórum flokkum, þ.e.

- |            |                  |
|------------|------------------|
| 1. flokkur | 18 – 19 – 20 ára |
| 2. flokkur | 15 – 16 – 17 ára |
| 3. flokkur | 12 – 13 – 14 ára |
| 4. flokkur | 9 – 10 – 11 ára  |

Miða skal við afmælisár, en keppendur halda sínum flokki fram yfir áramótin og til loka móts.

## 3. grein

Leikið skal einu sinni í mánuði, a.m.k. fjórar umferðir.

1. flokkur leikur 6 leiki í hverri umferð.
2. flokkur leikur 6 leiki í hverri umferð.
3. flokkur leikur 6 leiki í hverri umferð.
4. flokkur leikur 3 leiki í hverri umferð.

## 4. grein

Raðað er í sæti eftir heildarskori í hverjum flokki. Stig eru gefin fyrir öll sæti í hvert skipti. Stigagjöf er eftirfarandi:

- |                |         |                          |        |
|----------------|---------|--------------------------|--------|
| 1. sæti hlýtur | 12 stig | 6. sæti hlýtur           | 5 stig |
| 2. sæti hlýtur | 10 stig | 7. sæti hlýtur           | 4 stig |
| 3. sæti hlýtur | 8 stig  | 8. sæti hlýtur           | 3 stig |
| 4. sæti hlýtur | 7 stig  | 9. sæti hlýtur           | 2 stig |
| 5. sæti hlýtur | 6 stig  | 10. sæti og neðar hlýtur | 1 stig |

Viðurkenning verður veitt fyrir 1., 2. og 3. sætið í hvert sinn. Ef fleiri en einn leikmaður er í sætum 1-3 þá taka þeir þá viðurkenningu sem eru fyrir það sæti þ.e. ef þeir eru jafnir í 1. sæti þá eru veitt tvönnar viðurkenningar fyrir 1. sæti og síðan 3. sæti.

Ef tveir eða fleiri eru jafnháir að pinnafalli skulu þeir skipta stigum.

Leikmaður safnar stigum og eftir að allar umferðirnar hafa verið leiknar hlýtur stigahæsti leikmaðurinn í 1. flokki pílta, sem leikið hefur a.m.k. helming umferða, nafnbótina „Meistari ungmenna í 1. flokki pílta“ og sama gerist í öllum flokkum pílta og stúlkna. Ef tveir eða fleiri eru jafnháir að stigum er ráðað eftir meðaltali leikmanns í mótinu.

## 5. grein

Keppendur í 4. flokk leika á einni braut.

## 6. grein

Unglinganefnd KLÍ sér um framkvæmd mótsins í samvinnu við mótanefnd.

*Breytt á formannafundi 15.september 2011*